

1998 nr. 22 8. apríl**Lög um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands**

Tóku gildi 8. apríl 1998. Breytt með: L. 22/2007 (tóku gildi 29. mars 2007). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 38/2015 (tóku gildi 10. júlí 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Fiskveiðar og vinnslu sjávaraflla um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er skilgreind í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, mega eftirtaldir aðilar einir stunda:

1. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.

2. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

b. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutfé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar eða vinnslu í fiskveiðilandhelgi Íslands, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.

c. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

□ Með vinnslu sjávarafurða í 1. mgr. er átt við frystingu, söltun, herslu og hverja þá aðra verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.

□ Til fiskveiða og vinnslu sjávaraflla um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands má aðeins hafa íslensk skip og gildir það einnig um vinnslu sjávaraflla skv. 2. másl. 2. mgr. Íslensk skip eru þau skip sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu íslenskra skipa.

■ 2. gr.

□ Erlendum veiðiskipum og vinnsluskipum er óheimilt að hafast við í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þó er þeim heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina, enda hafi þau tilkynnt um veru sína skv. 4. gr. Með ákvæði þessu eru ekki skert þau réttindi sem veitt hafa verið eða kunna að verða veitt öðrum ríkjum með milliríkjasamningum.

■ 3. gr.

□ Erlendum skipum er heimilt að landa eigin aflla, umskipa aflla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skipa.

□ [Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er erlendum skipum óheimilt að koma til íslenskrar hafnar í eftirfarandi tilvikum:

1. Skip stundar veiðar eða vinnslu á aflla úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og íslensk stjórnvöld hafa ekki gert milliríkjasamning um nýtingu á.

2. Skip stundar veiðar eða vinnslu á aflla í bága við samninga um nýtingu og varðveislu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að, þ.m.t. skip sem hafa verið skráð hjá svæðisbundnum fiskveiðistjórnarstofnunum, og sigla ekki undir fána aðildarríkja þeirra, fyrir brot gegn reglum settum á grundvelli slíkra samninga.

3. Skip stundar veiðar eða vinnslu á aflla og er í eigu eða rekstri aðila sem á eða rekur skip sem fellur undir 2. tölul.

□ Óheimilt er að veita skipum sem um ræðir í 2. mgr., skipum sem flytja aflla þeirra og skipum sem þjónusta þau, sem og útgerðum þessara skipa, þjónustu, þ.m.t. í íslenskum höfnum, í fiskveiðilandhelgi Íslands og utan hennar. Komist skip sem um ræðir í 2. mgr. til íslenskrar hafnar er óheimilt að landa eða umskipa aflla í höfn og skal án tafar vísa skipunum úr höfn eftir að þau hafa verið skoðuð af eftirlitsaðilum og eftir atvikum veitt neyðaraðstoð. Kaupendum aflla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum er skylt að láta ráðuneytinu eða Fiskistofu í té, ókeypis og í því formi sem þessi stjórnvöld ákveða, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd þessarar greinar.]¹⁾

□ Ráðherra getur ákveðið að ákvæði [2.–3. mgr.]¹⁾ gildi gagnvart skipum ef fánaríki skipsins er ekki aðili að samningi sem gildir um stjórn þeirra veiða sem viðkomandi skip stundar eða fylgir ekki þeim reglum sem settar eru samkvæmt þeim samningi, enda sé Ísland aðili að honum. Þá getur ráðherra ákveðið að ákvæði [2.–3. mgr.]¹⁾ taki til erlendra skipa sé slíkt talið nauðsynlegt til verndar lifandi auðlindum hafsins.

□ Ákvæði þessarar greinar takmarka ekki rétt erlendra skipa til löndunar, umskipunar eða þjónustu hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að eða gildandi þjóðarétti. Ráðherra er heimilt að víkja frá ákvæði [2.–4. mgr.]¹⁾ þegar sérstaklega stendur á. Ákvæði þessarar greinar skerða ekki rétt erlendra skipa til að koma til hafnar þurfi þau á neyðarþjónustu að halda og heimilt er þeim að leita vars við stendur landsins, enda verði Landhelgisgæslu Íslands tilkynnt um það.

□ [Landhelgisgæslan skal, ef við á, krefja fánaríki skips um staðfestingu, innan frests sem ákveðinn er í reglugerð, til samræmis við ákvæði 4. gr., um að afli um borð í skipinu hafi ekki verið veiddur í bága við ákvæði 1.–3. tölul. 2. mgr., skipið hafi ekki verið við starfsemi sem greinir í 1. másl. 3. mgr. eða stundað veiðar eða vinnslu aflla þannig að gangi gegn verndartilgangi skv. 4. mgr. Í þessum tilvikum gilda fyrir mæli 3. mgr. um skipið þar til fullnægjandi staðfesting hefur borist eða ella þykir sýnt, að höfðu samráði við Fiskistofu eða ráðherra ef við á, að skipið falli ekki undir ákvæði þessarar greinar. Þó er heimilt, hafi skipið komið til hafnar, að landa aflla úr skipinu til geymslu meðan beðið er staðfestingar fánaríkis. Óheimilt er að ráðstafa aflanum frekar og er Fiskistofu heimilt að setja hann undir innsigli. Falli skipið og afli þess undir ákvæði þessarar greinar skal aflinn gerður upp-tækur og skipi þegar vísað úr höfn. Hafi staðfesting fánaríkis ekki borist innan tiltekens hæfilegs tíma frá því að hennar var óskað, sbr. reglugerð, skal gera aflann upptækan.]¹⁾

¹⁾ L. 38/2015, 1. gr.

■ 4. gr.

□ Erlend veiðiskip og vinnsluskip skulu tilkynna Landhelgisgæslu Íslands með sex klukkustunda fyrirvara um komu sína í og siglingu út úr fiskveiðilandhelgi Íslands og gefa upp staðsetningu. Meðan á siglingu þeirra í landhelginni stendur skulu þau á [a.m.k.]¹⁾ tólf klukkustunda fresti gefa upp staðsetningu, stefnu og hraða. [Erlend veiðiskip og vinnsluskip sem sigla um íslenska fiskveiðilandhelgi skulu hafa uppi fána síns ríkis til auðkenningar.]¹⁾ Auk þess skulu þau erlendu skip sem hyggjast leita hafnar hér á landi tilkynna Landhelgis-

gæslunni um magn afla og tegundir um borð í skipinu, hvaða veiðar skipið hefur stundað og á hvaða svæði og hvaða þjónustu skipið sækir til viðkomandi hafnar. . . .¹⁾

¹⁾ L. 38/2015, 2. gr.

■ **5. gr.**

□ Um veiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelginni skulu, ef ekki er um annað samið í milliríkjasamningum, gilda ákvæði laga og reglugerða sem gilda um veiðar íslenskra skipa í fiskveiðilandhelginni varðandi veiðarfæri, friðunarsvæði og veiðitíma, sbr. 8.–14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nýtingu nytjastofna og eftirlit með fiskveiðum, þar með talda færslu afladagbóka, sbr. 2., 9. og 13. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og 15. og 17. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Þá skulu gilda ákvæði laga og reglugerða sem gilda um vigtun sjávaraflla í íslenskum höfnum landi erlend veiðiskip afla sín- um hér á landi. Að öðru leyti skulu gilda um veiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelginni sambærilegar reglur og gilda um veiðar íslenskra skipa, eftir því sem við á, sbr. þó 9. gr.

■ **6. gr.**

□ Fiskistofa gefur út tímabundin leyfi til erlendra skipa í samræmi við ákvarðanir [ráðuneytisins]¹⁾ þar að lútandi. Stjórnvöld í því ríki sem veitt hafa verið réttindi með milliríkjasamningi skulu sækja til Fiskistofu um leyfi til að stunda veiðar á grundvelli samningsins. [Óheimilt er að gefa út leyfi til erlendra skipa sem notuð hafa verið til brota gegn lögum þessum, öðrum lögum um fiskveiðar, stjórnvaldsreglum settum með heimild í þeim, reglum svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana og/eða milliríkjasamninga.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 261. gr. ²⁾ L. 22/2007, 2. gr.

■ **7. gr.**

□ Eftirlit með framkvæmd laga þessara er í höndum Landhelgisgæslunnar, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu. Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í erlend veiðiskip sem stunda veiðar innan fiskveiðilandhelginnar. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð í veiðiskipinu og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

□ Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit skv. 1. mgr. geti ekki farið fram á sjó skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

■ **8. gr.**

□ Fiskistofa getur svipt erlent skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjótí útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa gegn lögum þessum, öðrum lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerðum settum með stoð í lögum eða ákvæðum milliríkjasamninga.

■ **9. gr.**

□ [Ráðherra er heimilt með reglugerð¹⁾ að setja nánari fyrir- mæli um:

1. Framkvæmd laga þessara og um framkvæmd einstakra milliríkjasamninga í samræmi við reglur um sambærilegar veiðar íslenskra skipa innan fiskveiðilandhelgi Íslands ef ekki hefur verið um annað samið í milliríkjasamningum.

2. Framkvæmd laga þessara og einstakra milliríkjasamninga sem varða framkvæmd þeirra, m.a. ákvæða um hafnríkiseftirlit. Heimilt er að birta eingöngu erlendan texta þessara fyrir mæla, enda varði þau veiðar erlendra skipa.

3. Veiðarfæri, veiðisvæði og veiðitíma og reglur sem lúta að eftirliti með veiðum erlendra skipa, svo sem um vigtun

afla, færslu afladagbóka, rafræna færslu og miðlun upplýsinga o.fl.

4. Tilkynningar til stjórnvalda, fjareftirlit og skyldu til að sigla inn í og út úr fiskveiðilandhelgi Íslands á tilteknum athugunarstöðvum.

5. Skráningu og birtingu upplýsinga um hafnir sem heimilað er að taka við erlendum fiskiskipum.]²⁾

¹⁾ Rg. 175/1999. Rg. 246/2008, sbr. 132/2013. Rg. 1133/2013. Rg. 1170/2013, sbr. 1032/2017. Rg. 110/2018. ²⁾ L. 38/2015, 3. gr.

■ **10. gr.**

□ Ákvæði 11.–15. gr. eiga við sé brotið gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim nema þyngri refsing liggja við brotinu samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum settum með stoð í þeim.

■ **11. gr.**

□ Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot að ræða gilda ekki sektarhámmörk þau sem sett eru í 12. gr. Auk þess skal heimilt í þeim tilvikum að gera allan afla skipsins og öll veiðarfæri um borð í skipinu upptæk. Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk samkvæmt þessari grein er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis aflans og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra manna.

■ **12. gr.**

□ Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 kr., eftir eðli og umfangi brots.

■ **13. gr.**

□ Sektir má jafnt gera lögðila sem einstaklingi. Ákvarða má sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmann lögðila, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögðila sekt ef fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

□ Tilraun til eða hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

■ **14. gr.**

□ Hafri afli fengist á ólögmetan hátt skulu brot auk refsingar samkvæmt framansögðu varða upptöku afla. Komi í ljós við athugun á afla um borð í erlendu veiðiskipi að aflamagn um borð í skipinu er ekki í samræmi við skráðan afla í afladagbókum eða tilkynningar til stjórnvalda er heimilt að gera það aflamagn sem umfram er hinn skráða eða uppgefna afla upptækt. Á sama hátt skal gera þann afla upptækan sem umfram er þær heimildir sem erlendum skipum eru veittar af íslenskum stjórnvöldum. Í stað þess að gera afla upptækan samkvæmt þessari grein er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis aflans samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.

□ Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum eða í samræmi við ákvæði annarra laga sem vísað er til í lögum þessum.

■ **15. gr.**

□ Heimilt er að kyrrsetja skip sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt

þeim. Sé slíkt gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku.

Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

...¹⁾

Sektarfé samkvæmt lögum þessum skal renna í Landhelgisjód Íslands.

¹⁾ L. 88/2008, 233. gr.

■ [16. gr.]

Lög þessi fela í sér innleiðingu á samningi hafnríkja um aðgerðir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar. Túlka skal ákvæði laganna með hliðsjón af ákvæðum sammingsins.]¹⁾

¹⁾ L. 38/2015, 4. gr.

■ [17. gr.]¹⁾

Lög þessi öðlast þegar gildi. ...

¹⁾ L. 38/2015, 4. gr.